

Utanríkismálanefnd Alþingi

10. apríl 2018

Umsögn Landssamtakanna þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 17. mál.

Stundum er talað um borgaraleg og stjórnómáaleg mannréttindi og efnahagsleg og félagsleg mannréttindi. Öll þessi mannréttindi, stjórnómáaleg, borgaraleg, efnahagsleg og félagsleg eru þó samtengd og hvert öðrum háð. Ef lágmarkspörfum einstaklings til framfærslu er t.a.m. ekki fullnægt er augljóst að að tækifæri hans til að nýta tjáningar- og félagafrelsi sitt eru mjög mikið skertir og ef einstaklingur fær ekki tækifæri til að eignast heimili er augljóst að möguleikar hans til einkalífs eru afar takmarkaðir og svona mætti lengi telja. Efnahagsleg og félagsleg mannréttindi og borgaraleg og stjórnómáaleg mannréttindi eru því ein órjúfanleg heild.

Það er því mikið áhyggjuefni fyrir fatlað fólk og alla sem telja að þau lágmarksréttindi og tækifæri sem mannréttindum er ætlað að tryggja öllu fólki, alltaf og alls staðar, eigi að vera grundvöllur samfélags okkar, að Hæstiréttur Íslands og þar með almennir dómstólar sem styðjast við fordæmi hans, skuli veita efnahagslegum og félagslegum réttindum fólks, þ.m.t. fatlaðs fólks, eins litla vernd og raun ber vitni. Þessi dómaframkvæmd Hæstaréttar og hvað hún þýðir fyrir mannréttindi á Íslandi er rakið skýrt og skilmerkilega í grein Kára Hólmars Ragnarssonar, lögmanns og doktorsnema í lögum við Harvardskóla, sem birtist í 1. tbl. Úlfjólts, tímarits laganema, á þessu ári. Grein Kára ber yfirskriftina *Falsvonir Öryrkjabandalagsdómsins – nýleg dómaframkvæmd um félagsleg réttindi*. Greinina má nálgast hér:

<http://rettur.is/kari-holmar-og-falsvonir-oryrkjabandalagsdómsins/>

Með því að fullgilda valfrjálsu bókunina verður virkara aðhald með ríkjum um að framfylgja samningnum og að tryggja öllum, þ.m.t. fötluðu fólki, þau efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu mannréttindi sem þeir eiga að njóta, án mismununar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið mæla Landssamtökin þroskahjálpar eindregið með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtakanna þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.